

INNKAUPAREGLUR BREIÐDALSHREPPS

1. gr.

Almenn ákvæði

Reglum þessum er ætlað að stuðla að vönduðum og hagkvæmum innkaupum og til að tryggja gæði vöru, þjónustu og verka.

Reglurnar gilda fyrir sveitarsjóð Breiðdalshrepps og allar stofnanir, svið og rekstrardeildir á vegum sveitarfélagsins. Reglurnar eiga að tryggja vandaða stjórnsluhætti við innkaup Breiðdalshrepps, að jafnræðis sé gætt og þannig stuðlað að virkri samkeppni og hagkvæmni í rekstri.

Innkaupareglum skal fylgt við öll innkaup. Við innkaup skal taka mið af EES reglum, þegar það á við. Reglurnar taka ekki til fyrirtækja í eigu Breiðdalshrepps, samtaka eða samlaga, sem sveitarfélagið á aðild að með öðrum sveitarfélögum, þó að lög um opinber innkaup nr. 84/2007 geti gilt um þau, sbr. 3. gr. laganna.

Við innkaup skal ennfremur fylgja lögum um opinber innkaup nr. 84/2007 og lögum um framkvæmd útboða nr. 65/1993, svo og öðrum lögum, sem kunna að verða sett og ná til sveitarfélaga.

2. gr.

Innkaup

Með hugtakinu innkaup er átt við kaup á hvers kyns aðföngum, þ.e. kaup á þjónustu, vörum og verklegum framkvæmdum.

3. gr.

Samningar, sem innkaupareglurnar taka til

Innkaupareglur þessar taka til skriflegra samninga um fjárhagslegt endurgjald, sem sveitarstjórn Breiðdalshrepps gerir við eitt eða fleiri fyrirtæki og hafa að markmiði framkvæmd verks, sölu á vöru eða veitingu á þjónustu í skilningi reglna þessara.

Til **verksamninga** teljast samningar, sem hafa að markmiði framkvæmd, eða framkvæmd og hönnun á verkum, er m.a. flokkast undir margvíslega byggingastarfsemi. Hið sama gildir um aðferðir við framkvæmd verks/verka, er mæta eiga kröfum, settum fram af kaupanda Með verki í þessum skilningi er átt við afrakstur mannvirkjagerðar eða verkfræðilegra aðferða, er getur sem slíkur þjónað efnahagslegu eða tæknilegu hlutverki.

Dæmi um verksamninga eru samningar um gerð nýbygginga og ýmissa þátta þeirra, gerð gatna og lagna, jarðvinnu og lagningu margvíslegra yfirborðsefna.

Til **vörusamninga** teljast aðrir samningar en um ræðir í 2. mgr. þessarar greinar, sem hafa að markmiði kaup, leigu eða fjármögnunarleigu á vöru, með eða án kaupréttar. Samningur, sem felur í sér tilfallandi ísetningu eða uppsetningu vöru telst vörusamningur.

Til **þjónustusamninga** teljast samningar, sem falla ekki undir kaup á verki eða vöru, en hafa að markmiði veitingu þjónustu, á sviði viðhalds og viðgerða, þjónustu á sviði fjarskipta, fjármála-starfsemi, váttryggingarstarfsemi, tölvumála, ráðgjafarstarfsemi, garðslátt, slátt á opnum svæðum, sörp- og hreinlætisþjónustu, o.fl. Ef samningur nær bæði til kaupa á vöru og þjónustu telst þjónustusamningur ef sá þáttur hans, sem lýtur að þjónustu nemur hærri fjárhæð en vöruþátturinn.

Samningur, sem hefur að markmiði veitingu þjónustu og felur í sér tilfallandi verk með hliðsjón af meginmarkmiði samningsins, telst þjónustusamningur.

Um skilgreiningar á einstökum samningsgerðum vísast að öðru leyti til laga um opinber innkaup nr. 84/2007, einkum 4. gr.

4. gr.

Samningar undanþegnir ákvæðum innkaupareglanna

Innkaupareglur þessar taka ekki til þjónustusamninga er varða:

- a. Kaup eða leigu - gegn hvers konar fjárhagslegu endurgjaldi - á jörð, byggingum, sem þegar hafa verið reistar eða öðrum fasteignum og réttindum yfir þeim. Samningar um fjármálaþjónustu, sem gerðir eru fyrir, eftir eða samhliða samningnum um kaup eða leigu á fasteign, falla þó undir gildissvið reglnanna.
- b. Vinnusamninga.
- c. Fjármálaþjónustu í tengslum við útgáfu, sölu, kaup eða aðilaskipti að verðbréfum eða öðrum sambærilegum gögnum.
- d. Rannsókn og þróun á þjónustu, að frátöldum samningum þar sem kaupendur bera allan kostnað af þjónustunni og hafa einkarétt á að njóta góðs af árangrinum í starfsemi sinni.
- e. Þjónustu, sem gerð er við aðila eða félag aðila, er sjálfir teljast kaupendur eða á grundvelli einkaréttar, sem þeir njóta samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum í samræmi við reglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Ákvæði 9. og 10. gr. innkaupareglanna gilda ekki um samninga um þjónustu, sem kveðið er á um í II. viðauka B við útboðstilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/18/EB frá 31. mars 2004, s.s. hótél- og veitingahúsarekstur, lögfræðiþjónustu, rannsóknir og öryggisþjónustu, menntun og starfsmenntun, heilbrigðis- og félagsþjónustu og tómstunda-, menningar- og íþróttastarfsemi.

Við túlkun á efni samninga samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar skal líta til II. viðauka B við lög um opinber innkaup nr. 84/2007. Samningar um slíka þjónustu skulu gerðir í samræði við innkauparáð.

Birta skal tilkynningu um fyrirhugað verkefni á vefsíðu Breiðdalshrepps og auglýsa eftir áhugasömum aðilum til að taka það að sér.

5. gr.

Umsjón og ábyrgð á innkaupum / útgjaldaheimildir

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins, sbr. 3. mgr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Sveitarstjóra er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki hreppsnefndar. Sveitarstjóri veitir starfsmönnum sveitarfélagsins ráðgjöf og aðstoð um tilhögun innkaupa, eftir þörfum.

Forstöðumönnum /deildarstjórum er heimilt að stofna til útgjalda fyrir hönd sveitarfélagsins innan ramma fjárhagsáætlunar hverju sinni og bera þeir ábyrgð á innkaupum sinna stofnana og deilda. Þeir geta með samþykki sveitarstjóra veitt einstökum starfsmönnum heimild til að stofna til útgjalda. Öllum, sem heimild hafa til að stofna til útgjalda, ber að staðfesta að þeir hafi kynnt sér efni innkaupareglna sveitarfélagsins og að þeir muni fylgja þeim við innkaup.

Sveitarfélagið heldur skrá yfir þá starfsmenn, sem hafa heimild til að stofna til útgjalda og ber sveitarstjóri ábyrgð á að uppfæra skrána.

6. gr.

Mat og skipting á innkaupum

Við mat á ætlaðri fjárhæð samnings skal telja með allan kostnað innkaupa miðað við þann tíma þegar auglýsing um innkaupin birtist. Sé fyrirhugað að kaupa vöru, þjónustu eða verk í áföngum skal miða við samanlagt heildarverð allra áfanga, sem boðið er út.

Óheimilt er að gera ótímabundna samninga.

Óheimilt er að skipta innkaupum niður með einum eða öðrum hætti í því skyni að lækka fjárhæð, eða áætlaða fjárhæð innkaupa í þeim tilgangi að komast hjá útboði/verðfyrirspurn. Þannig er t.a.m. óheimilt að skipta innkaupum milli tímabila og láta skipta reikningum frá seljendum niður í smærri einingar.

Heimilt er að skipta innkaupum niður í einingar eða áfanga í því markmiði að bjóða hverja einingu eða áfanga út. Einnig er heimilt að semja um viðbótarverk eða viðbótaráfanga á grundvelli fyrra útboðs.

7. gr. Útboð

Undir hugtakið útboð falla heiti þar sem lýst er því, sem boðið er út, svo sem þjónustutilboð, verkútboð, vöruútboð, en einnig heiti eins og alútboð, samkeppni, hönnunarsamkeppni, tveggja áfanga keppni og útboð með tveggja umslaga kerfi. Forval er hluti útboðsferils.

8. gr. Hvenær útboð skal viðhaft

Útboð skal að jafnaði viðhaft við innkaup, að svo miklu leyti sem unnt er og hagkvæmt þykir. Þegar áætluð samningsfjárhæð verklegrar framkvæmdar er yfir 15 milljónir króna skal útboð viðhaft. Ef áætluð fjárhæð kaupa á þjónustu fer yfir 15 milljónir króna skal viðhafa útboð. Ef áætluð fjárhæð vegna vörukaupa fer yfir 5 milljónir króna skal sömuleiðis viðhafa útboð. Fjárhæðirnar eru án virðisaukaskatts.

9. gr. Opið útboð

Opið útboð skal að jafnaði viðhaft, þegar um er að ræða kaup á verki eða þjónustu, sem margir geta framkvæmt eða veitt. Hið sama gildir um kaup á vöru, er margir selja eða geta útvegað.

10. gr. Lokað útboð með eða án forvals

Heimilt er að viðhafa lokað útboð ef raunhæfur samanburður næst og það þykir hagkvæmur kostur.

Þegar um er að ræða vandasöm verk, sem eru jafnframt fjárfrek og krefjast langvarandi faglegrar yfirlegu, er heimilt að áskilja að væntanlegir bjóðendur hafi bæði faglega og fjárhagslega getu til að framkvæma viðkomandi verk. Sama gildir, þegar um er að ræða kaup á þjónustu eða vöru.

11. gr. Forval

Þegar forval er viðhaft til að velja þátttakendur að undangenginni útboðsauglýsingu í lokuðu útboði, hönnunarsamkeppni, samkeppni eða samningskaupum, skal auglýsa tilkynningu um forval með áberandi hætti þannig að áhugasöm fyrirtæki geti tekið þátt í forvalinu.

Í auglýsingu skulu koma fram nægilega miklar upplýsingar til að fyrirtæki geti tekið afstöðu til þess hvort þau hyggjast taka þátt í forvali og eftirfarandi útboði.

Í forvalsgögnum skulu koma fram málefnaleg og óhlutdræg skilyrði eða reglur, sem leggja á til grundvallar við val þátttakenda. Skýr ákvæði skulu vera um hvaða gagna eða upplýsinga er krafist frá umsækjendum. Meðal þeirra skulu vera gögn, sem sýna getu umsækjenda til að taka að sér verkefnið.

Í forvali er heimilt að takmarka fjölda þeirra, sem valdir eru til að taka þátt í lokuðu útboði, samkeppnisviðræðum eða samningskaupum, enda hafi nægilega margir þátttakendur tekið þátt í forvali. Fjöldi valinna þátttakenda skal ætíð vera nægilegur til að tryggja raunverulega samkeppni.

12. gr.
Auglýsing útboða

Útboð skulu auglýst og skal í auglýsingu koma fram hvar og hvenær útboðsgögn eru til afhendingar, hver kaupandi er, hvað boðið er út, hvar og hvenær skuli skila inn tilboði, hvar og hvenær þau eru opnuð, skilatími þess, sem verið er að bjóða út og hvort skilatryggingar sé krafist.

Við lokað útboð skal senda orðsendingu um útboðið til þeirra, sem kaupandi gefur kost á að gera tilboð. Í orðsendingunni skal koma fram, auk þess sem tilgreint er í 1. mgr., hvaða aðilum er gefinn kostur á að gera tilboð.

13. gr.
Útboðsgögn

Útboðsgögn skulu innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar svo unnt sé að gera tilboð. Frestur til að skila tilboði skal alltaf vera hæfilegur miðað við umfang þess, sem boðið er út. Í útboðsgögnum skal skýrt koma fram, hvernig tilboð verði metin og hvaða forsendur verði lagðar til grundvallar vali á samningsaðila. Í verkútboðum skal leitast við að nota samræmda útboðs- og verklýsingu.

14. gr.
Fyrirspurnir

Fyrirspurn er viðhöfð, þegar útboð er ekki talið eiga við, til að afla tilboða frá tilteknum aðilum, sem taldir eru geta útvegað vöru, veitt þjónustu eða framkvæmt verk, sem óskað er eftir hverju sinni. Þrátt fyrir að fyrirspurnir séu óformlegri en útboð, samkvæmt þeim lögum, sem um þau gilda, skal tilboða aflað á grundvelli skriflegra fyrirspurnargagna og tilboð skulu einnig vera skrifleg. Sveitarfélaginu er heimilt að senda út fyrirspurnir og taka við tilboðum með símbrefi og/eða tölvupósti. Málsmeðferð öll skal vera vönduð, fyrirspurnargögn skulu vera skýr og greinargóð og skýrt skal koma fram ef meta á tilboð á öðrum forsendum en verði einu saman.

Tilboð skulu opnuð á tilsettum tíma og þau skráð. Samanburðarskrá tilboða skal gerð og þátttakendur skulu upplýstir um val á tilboði.

Undir sérstökum kringumstæðum er heimilt að afla skriflegs tilboðs frá einum seljanda. Þessar kringumstæður geta m.a. verið þær að annar seljandi sé ekki þekktur og/eða verð séu kunn.

15. gr.
Mat og val á tilboðum/samningsaðilum

Ætíð skal taka því tilboði, sem hagkvæmast er miðað við kröfur í útboðslýsingu, lögum og reglum. Ef hagstæðasta tilboð er ekki jafnframt lægsta tilboð skal það rökstutt sérstaklega.

Í útboðsgögnum skal tilgreina forsendur fyrir vali tilboðs með eins nákvæmum hætti og framast er unnt. Í forsendum má ekki vísa til annarra atriða en sannreynd verða á grundvelli gagna, sem bjóðendur leggja fram eða koma á framfæri með öðrum hlutlægum hætti. Ef meta skal tilboð á grundvelli fleiri forsendna en verðs, skal tiltekið í útboði hverjar þær forsendur eru og þeim raðað eftir mikilvægi ef mögulegt er. Við mat á hagkvæmni tilboðs skal, auk fjárhagslegra atriða, tekið tillit til öryggis- og heilbrigðisþátta sem og gæða- og umhverfissjónarmiða.

16. gr.
Fjárhagsstaða bjóðenda/viðsemjenda

Ef eftirfarandi atriði eiga við má ekki gera samning við bjóðanda/viðsemjanda ef viðkomandi :

- i. Sætir nauðasamningum eða er undir gjaldþrotaskiptum.
- ii. Er í vanskilum með opinber gjöld eða lögbundin iðgjöld starfsmanna.
- iii. Skortir fjárhags- og tæknilega getu til að framkvæma samninginn.

Sé þess krafist er tilboðsgjafa skylt að sýna fram á regluleg bankaviðskipti og/eða tryggingu vegna samningsefnda. Heimilt er að kanna fjárhagsstöðu bjóðenda á vanskilakrá.

Þegar áætluð samningsfjárhæð vegna verk- og þjónustusamninga er 10 milljónir króna eða hærra er óheimilt að gera samning við aðila ef ársreikningur sýnir neikvæða eiginfjárstöðu, enda liggi frekari skýringar ekki fyrir. Þá er heimilt að gera kröfur um jákvæða eiginfjárstöðu tilboðsgjafa í forvolum og lokuðum útboðum, þótt samningsfjárhæð sé lægri en að framan greinir.

Óheimilt er að greiða viðsemjanda vegna verks eða þjónustu fyrr en fullnægjandi samningsefnda-trygging liggur fyrir og samningur er frágenginn.

Sé kennitala bjóðanda yngri en 5 ára skal kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda. Leiði sú könnun í ljós nýlegt greiðslu- eða gjaldþrot (gjaldþrot, nauðasamninga, greiðslustöðvun o.fl.) ber að vísa bjóðanda frá, enda eigi í hlut sams konar rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur, í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði, en með nýja kennitölu.

17. gr.

Hæfis- og siðareglur

Enginn starfsmaður sveitarfélagsins eða fulltrúi í nefnd, ráði eða stjórn á vegum sveitarfélagsins má eiga aðild að ákvörðunum um innkaup, er varða aðila, sem þeir eru náskyldir eða í hagsmunatengslum við. Ber starfsmanni eða nefndarfulltrúa að hafa frumkvæði að því að gera viðvart um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans.

Starfsmönnum sveitarfélagsins og fulltrúum í nefndum, ráðum eða stjórnnum á vegum sveitarfélagsins er óheimilt, án samþykkis sveitarstjóra, að þiggja boðsferðir og gjafir, sem tengjast viðskiptum við sveitarfélagið.

18. gr.

Trúnaðarskylda

Allir starfsmenn og fulltrúar sveitarfélagsins, er koma að innkaupum og innkaupamálum, skulu gæta þagmælsku um það, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara.

19. gr.

Tengdir aðilar

Almennt eru tengdir aðilar aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins. Makar þessara aðila, ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar, falla einnig hér undir, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið heldur skrá yfir tengda aðila og ber sveitarstjóri ábyrgð á að uppfæra skrána.

Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila skulu vera á sömu forsendum og þegar um óskylda aðila er að ræða, s.s. varðandi einingaverð. Að öðru leyti gilda ákvæði 16. gr. um hæfis- og siðareglur.

20. gr.

Gildistaka og endurskoðun

Reglur þessar eru settar af sveitarstjórn Breiðdalshrepps og öðlast gildi við birtingu þeirra í Stjórnartíðindum. Þær skulu einnig birtar á vefsíðu sveitarfélagsins. Fjárhæðir samkvæmt reglum þessum skulu breytast með hliðsjón af byggingarvísitölu við gildistöku reglnanna.

Fjárhæðir skv. þessum reglum skulu endurskoðaðar ár hvert af sveitarstjórn Breiðdalshrepps

Reglurnar skulu yfirfarnar og framkvæmd þeirra metin í fyrsta sinn innan árs frá gildistöku þeirra.

Breiðdalsvík, 21. apríl 2015

Sif Hauksdóttir, verkefnastjóri Breiðdalshrepps